

**Bæjarráð Hafnarfjarðar,**  
**b.t. formaður Rósa Guðbjartsdóttir.**

Undirritaður f.h. Fimleikafélags Hafnarfjarðar óskar eftir að Hafnarfjarðarbær leggi til 570 milljónir á árunum 2017 til 2021 til byggingar knatthúss í suðausturhorni Kaplakrikasvæðisins og stækknar og endurnýjunar á grasæfingasvæði félagsins í Kaplakrika. Meðferð framlags þessa (570 milljónir) verði hluti af frágangi eignaskiptasamnings í Kaplakrika.

Einnig óskar Fimleikafélag Hafnarfjarðar eftir að gengið verði frá eignaskiptasamningi um Kaplakrika skv. meðfylgjandi skjali „Eignask.samn. Kaplakrika 17.8.2017“. Ljóst er að skjal þetta þarf að skoða og yfirfara og má því segja að það sé grunnur að afgreiðslu eignaskiptasamnings og lausnar á aðstöðuvandanum í Kaplakrika. Í skjalinum koma einnig fram óskir okkar um eignarhald okkar og þá Hafnarfjarðarbæjar í hinum ýmsu eignarhlutum í Kaplakrika, millifærslu verðmæta og greiðslur.

Ljóst er að tíminn flýgur frá okkur og til að fá aðstöðu í Kaplakrika, veturninn 2018/2019, sambærilega og í öðrum sveitarfélögum hér í kringum okkur er tíminn naumur, afstaða Hafnarfjarðarbæjar þarf að liggja fyrir í síðasta lagi í september á þessu ári.

Undirritaður vill benda á skýrslu íþróttafulltrúa Hafnarfjarðar, Geirs Bjarnasonar, en þar kemur fram að fótboltinn í FH er verulega afskiptur varðandi aðstöðu samanborið við aðrar íþróttareinar í Hafnarfirði.

Meðfylgjandi gögn:

Eignask.samn. Kaplakrika 17.8.2017

Knattspyrnuaðstaða.

Hafnarfirði 18.8.2017

f.h. aðalstjórnar Fimleikafélags Hafnarfjarðar  


Viðar Halldórsson, formaður